

**LÖG****um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961,  
með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 94. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Þegar ákveðið hefur verið að sameina tvö eða fleiri sveitarfélög, getur félagsmálaráðherra ákveðið að tala sýslunefndarmanna verði sú sama og var fyrir sameininguna, enda óski fráfarandi hreppsnefndir eftir því að svo verði.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. mars 1983.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

**LÖG****um breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

4. gr. orðist svo:

Nú uppfyllir hreppstjóri eigi lengur skilyrði 3. gr. og skal þá sýslumaður leysa hann frá störfum. Enn fremur skal leysa hreppstjóra frá störfum, þegar hann er fullra 70 ára að aldri eða hann flyst brott úr hreppnum.

## 2. gr.

7. gr. orðist svo:

Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði og skulu þau greiðast mánaðarlega.

Launin skulu miðast við laun almennra lögreglumanna og úrskurðar fjármálaráðherra við hvaða launaflokk skuli miða á hverjum tíma. Launin ákveðast sem hundraðshluti af viðmiðunarlaununum sem hér segir:

Í hreppum með 100 íbúa eða færri greiðast 6.5% launa.

Í hreppum með 101—200 íbúa greiðast 8.0% launa.

Í hreppum með 201—300 íbúa greiðast 9.5% launa.

Í hreppum með 301—400 íbúa greiðast 11% launa.

Í hreppum með 401—500 íbúa greiðast 12.5% launa.

Í hreppum með 501 og fleiri íbúa greiðast 14% launa.

Í hreppum þar sem verkefni hreppstjóra eru sérstaklega umfangsmikil eða þar sem þeim er gert að hafa opna skrifstofu tiltekinn tíma í viku hverri og hin föstu laun hrökkva eigi fyrir áætluðu vinnuframlagi getur dómsmálaráðherra ákveðið, að fengnum tillögum viðkomandi sýslumanns, að greiða hreppstjóra viðbótarlaun.

Auk launa skulu hreppstjórar fá greiddan útlagðan kostnað vegna hreppstjórarstarfsins. Heimilt er fjármálaráðherra að ákveða að starfskostnaður reiknist sem ákveðið hlutfall af launum.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda af hreppstjóra launum og um réttindi þeim tengd fer eftir reglum er fjármálaráðherra setur.

4. gr.

10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör, að undanskildum þeim atriðum sem fjármálaráðherra ber að ákveða, sbr. 7. og 8. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1983.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. um hámarksaldur skulu þeir hreppstjórar, sem eru í starfi þegar lög þessi taka gildi og eru orðnir 70 ára fyrir 30. júní 1984, gegna starfi til 30. júní 1984 nema þeir óski að láta af starfi fyrr.

Nú lætur hreppstjóri af starfi vegna aldurs, sbr. 1. gr., á tímabilinu 1. júlí 1983 til 30. júní 1984 og skulu honum engu að síður greidd laun til 30. júní 1984.

Nú ber hreppstjóra lægri laun eftir ákvæðum laga þessara en honum hefði borið eftir eldri lögum og skal hann þá halda launum eftir hinum eldri lögum til 30. júní 1984.

*Gjört í Reykjavík, 16. mars 1983.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*

**um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:

Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldurs skeiði 16—18 ára, sbr. ákvæði 1. mgr. 43. gr. þessara laga.